



# VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (\*)



## 1. STARFSHEITI - HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

### Heilsunuddari - námsbraut fyrir nuddara

## 2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS

### Massage therapist

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

## 3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

### Handhafi

- býr yfir almennri og sértækri þekkingu og hæfni til þess að nudda aðra til heilsubótar og vellíðunar
- er fær um að meta heilbrigðisástand einstaklinga að vissu marki og skráir heilsufarsupplýsingar af fagmennsku samkvæmt viðurkenndum verklagsreglum
- getur leiðbeint einstaklingum og hópum um heilsuefingu og heilbrigðan lífsstíl, einkum með tilliti til hreyfikerfis og streitulosunar
- er fær um að vinna sjálfstætt, sýna frumkvæði og getur forgangsraðað verkefnum eftir því sem við á
- vinnur eftir gæðaviðmiðum/gæðahandbók, þekkir vinnuvernd og öryggisferla á vinnustað og er fær um að veita skyndihjálp ef slys eða óhöpp ber að höndum
- þekkir lög og reglugerðir sem starf hans heyrir undir og fylgir þeim í daglegu starfi
- gætir þagmælsku og sýnir samskiptahæfni og siðferðisþroska í störfum sínum
- er fær um að eiga og reka eigin nuddstofu samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem um þær gilda
- er fær um að tileinka sér nýjungar í starfi og er meðvitaður um mikilvægi þess.

## 4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Heilsunuddarar vinna fjölbreytt störf á ýmsum vinnustöðum svo sem á nuddstofum, heilsuræktarstöðvum, heilbrigðisstofnunum, snyrtistofum, fyrirtækjum og hjá íþróttafélögum. Heilsunuddarar beita heildrænum aðferðum við að meta heilbrigðisástand einstaklinga sem til þeirra leita og greina vandamál í líkamskerfum að því marki sem þekking þeirra leyfir. Heilsunuddarar veita meðferð sem styður við aðra meðferð sem skjólstæðingar fá annars staðar t.d. hjá sjúkraþjálfurum eða læknum. Helstu verkefni heilsunuddara eru að nudda stífa vöðva og veita meðferð vegna heilsubrestra og stuðla þannig að vellíðan, slökun og heilbrigðu lífi. Heilsunuddarar ráðleggja um forvarnir og heilsuefingu.

### (\*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfum, sjálfböðaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fast hjá: [www.cedefop.eu.int/transparency](http://www.cedefop.eu.int/transparency)

© Evrópusambandið 2002

## 5. LÖGFORMLEG ATRIÐI

<b>Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið</b> Framhaldsskóli sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem mennta- og menningarmálaráðherra gefur út.	<b>Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins</b>  Mennta- og menningarmálaráðuneytið
<b>Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega)</b> Framhaldsskólastig Isced 3 Íslenski hæfniramminn (ISQF) 3. þrep – EQF 4. þrep	<b>Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf</b> 1-10 Lágmarkseinkunn 5.
<b>Dæmi um áframhaldandi nám</b> Viðbótarnám til stúdentsprófs	<b>Alþjóðlegir samningar</b>
<b>Lagalegur grunnur</b> Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008. Heilsunuddarar eru aðilar að Bandalagi íslenskra græðara (BÍG) samkvæmt lögum nr. 34/2005.	

## 6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

Meðalnámstími er þrjú til fjögur ár og á þeim tíma er námi og kennslu hagað sem hér segir: nám í skóla í sex annir, námstími samtals 108 vikur að próftíma meðtöldum. Vinnustaðanám er samtals 25 vikur.

### Inngönguskilyrði

Grunnskólapróf

### Viðbótarupplýsingar

Frekari upplýsingar er að finna á:  
[www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)

### Upplýsingamiðstöð í landinu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, [www.menntamalaraduneyti.is](http://www.menntamalaraduneyti.is)